

Gerðarþoli starfar hér og fyrir hann mætir Eggert G. Þorsteinsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola Laugavegi 114. Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr.123/1982.

**Sigurður Stefánsson og
Stefán Einar Stefánsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sigríði Sigurðardóttur og

(Guðmundur Pétursson hrl.)

**Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík f. h.
dánarbús Stefáns Stefánssonar**

(enginn).

Skipti. Dánarbú. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1982 og gera þær dómkröfur, að íbúð að Kaplaskjólsvégi 53, 4. hæð t. h., Reykjavík, verði talin eign dánar- og félagsbús Stefáns Stefánssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu Sigríðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Sigríður krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur hinum stefnda skiptaráðanda í Reykjavík og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Krafa áfrýjenda í máli þessu byggist á því, að kaupmáli sá, sem stefnda Sigríður og Stefán Stefánsson gerðu 4. september 1962, hafi aldrei stofnað til neinnar séreignar til handa stefndu Sigríði.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að dánarbúi Þóru Þórðardóttur, sem andaðist 11. júlí 1932, hafi sætt formlegri skiptameðferð. Ósannað er einnig, að Stefán Stefánsson hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir lát Þóru.

Áfrýjendur eru fæddir 1925 og 1931. Faðir þeirra andaðist 1973, og höfðu þeir þá báðir verið lögráða í meira en 20 ár.

EKKI liggur fyrir glögg t yfirlit um eignir og skuldir dánar- og félagsbús Þóru Þórðardóttur og Stefáns Stefánssonar. Hitt er ljóst, að engar sérgreindar eignir eru lengur til úr því búi, og ólíklegt er, að einhverjar eignir úr dánarbúi Þóru hafi runnið til kaupa íbúðar að Nesvegi 78, Reykjavík sem keypt var 1957 og gerð að séreign stefndu með fyrrgreindum kaupmála. Eigi er heldur unnt að líta fram hjá tómlæti áfrýjenda í því að setja fram kröfu um móðurarf sinn og ógildingu kaupmálans.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 15. gr., 2. mgr., laga nr. 8/1962, sem setur erfingjum þriggja ára afdráttarlausan frest frá afhendingu gjafar úr óskiptu búi til höfðunar riftumarmáls, verður að telja, að krafa áfrýjenda, sem byggist á vanheimild föður þeirra til kaupmálagerðar, vegna þess að skipti á dánarbúi móður þeirra hefðu ekki farið fram, sé of seint fram komin.

Því er ekki mótmælt, að kaupmálinn frá 4. september 1962 sé formlega gildur, og áfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti fallið frá þeirri málsástæðu, að hann nái ekki til íbúðarinnar að Kaplaskjólsvégi 53.

Eins og hér stendur á, verður því að telja, að með framangreindum kaupmála hafi íbúðin að Nesvegi 78 orðið séreign stefndu svo og þær íbúðir, sem í stað hennar komu, þannig að halda ber íbúðinni á Kaplaskjólsvégi 53 utan skipta á dánar- og félagsbúi Stefáns Stefánssonar og stefndu Sigríðar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta úrskurð skiptaréttar og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur. Áfrýjendur, Sigurður Stefánsson og Stefán Einar Stefánsson, greiði stefndu, Sigríði Sigurðardóttur, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 5. mars 1982.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. febrúar 1982.

Sóknaraðiljar, Sigurður Stefánsson, Nýbýlavegi 53, Kópavogi, og Stefán Stefánsson, Lækjarhvammi, Búðardal, gera þær dómkröfur, að kaupmáli varnaraðilja og föður þeirra, Stefáns Stefánssonar, dagsettur 4. september 1962, verði úrskurðaður ógildur og að varnaraðilja verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, Sigríður Sigurðardóttir, Kaplaskjólsvogi 53, Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað og að þeim verði gert að greiða henni riflegan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau, að 6. janúar 1973 andaðist eiginmaður varnaraðilja, Stefán Stefánsson, sem síðast bjó að Kaplaskjólsvogi 53 í Reykjavík. Hafði Stefán verið tvíkvæntur. Fyrri kona hans, Þóra Þórðardóttir, lést 11. júlí 1932. Sóknaraðiljar eru synir þeirra Stefáns og Þóru. Hinn 31. júlí 1937 gengu Stefán heitinn og varnaraðili í hjúskap.

Stuttu eftir andlát Stefáns Stefánssonar tilkynnti varnaraðili andlát hans með tíðkanlegum hætti til skiptaráðandans í Reykjavík og upplýsti þá, að dánarbú hans væri eignalaust.

Hinn 30. mars 1977 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur uppskrift á dánarbúi Stefáns Stefánssonar. Ekki er ljóst, af hvaða tilefni þetta var gert, en bókun í þessu réttarhaldi var sem hér segir:

„Mætt er í réttinum eftirlifandi eiginkona, Sigríður Sigurðardóttir, hér til heimilis, og Einar Viðar hrl.

Mættu segja erfingja hins látna vera þessa:

1. Mættu Sigríði Sigurðardóttur.
2. Sigurður Stefánsson, Nýbýlavegi 53, Kópavogi.
3. Stefán Einar Stefánsson, Búðardal.

Erfingjar nr. 2 og 3 eru sagðir synir af fyrra hjónabandi. Kveðst Einar Viðar hrl. mæta í réttinum sem umboðsmaður þeirra.

Mætta Sigríður skýrir svo frá, að hinn látni hafi verið eignalaus, er hann

lézt. Hafi hún tilkynnt borgarfógeta andlátíð, er hann lézt, og það með, að hann hafi verið eignalaus.

Mætta skýrir svo frá, að hún hafi átt sem séreign samkvæmt kaupmála íbúð að Nesvegi 78, hér í borg. Hafi hún selt eign þessa á árinu 1964 og keypt þess í stað smærri íbúð, þá íbúð hafi hún selt tveim árum síðar og keypt aðra hér að Kaplaskjólsvégi 53.

Innbú hér að Kaplaskjólsvégi 53 kveðst mætta eiga sjálf. Hafi hún og hinn látni gert kaupmála um innbú, líklega á árinu 1949, og hafi innbúið þá verið gert að séreign mættu. Hafi mætta greitt fyrir allt innbú og lagt það í búið, enda hafi hún unnið fyrir mun meira kaupi en hinn látni.

Upplesið staðfest.

Einar Viðar. Sigríður Sigurðardóttir.

Skiptarétti slitið.“

Með bréfi, sem dagsett er „Kópavogi / 1978“, sem ekki er upplýst, hvenær barst skiptaráðandannum í Reykjavík, er þess krafist af hálfu sóknaraðiljans Sigurðar Stefánssonar, að dánarbú Stefáns Stefánssonar og félagsbú hans og Sigríðar Sigurðardóttur verði tekið til opinberra skipta. Var beiðni þessi tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 9. ágúst 1979. Ítrekaði varnaraðili máls þessa þá enn, að dánarbúið ætti engar eignir, þar sem einu eignir í búi hennar og látna hefðu verið séreignir hennar samkvæmt kaupmála. Hinn 16. ágúst 1979 var skiptameðferð á búinu tekin fyrir að nýju og því þá mótmælt af hálfu sóknaraðilja málsins, að kaupmáli látna og varnaraðilja, dagsettur 4. september 1962, næði til íbúðar, sem hjónin höfðu búið í að Kaplaskjólsvégi 53 og varnaraðili lýst séreign sína. Er af ágreiningi þessum risið skiptaréttarmál þetta.

Málið var þingfest 8. október 1979 af Jóni Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta. Hinn 18. jánúar 1980 fór fram munnlegur málflutningur í málinu. Með úrskurði, uppkveðnum 8. febrúar 1980, var málsaðiljum gefinn kostur á að afla frekari gagna í málinu og ákveðið, að málið skyldi tekið fyrir að nýju 28. mars 1980. Gagnaöflun stóð síðan yfir allt þar til henni var lýst lokið á þeim degi, sem málið var flutt munnlega.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti tók við meðferð máls þessa haustið 1981, og kveður hann upp úrskurd þennan.

II.

Eins og að framan greinir, eru sóknaraðiljar synir látna, Stefáns Stefánssonar, og fyrri konu hans, Þóru Þórðardóttur. Er móðir þeirra féll frá, voru þeir börn að aldri, Sigurður fæddur 20. september 1925, og Stefán fæddur 13. október 1931. Var þeim komið fyrir í fóstur að Fossi í Vopnafirði, þar sem þeir ólust upp hjá móðurömmu sinni og móðurbróður.

Samkvæmt vottorðum Þjóðskjalasafns Íslands og skiptaráðandans í Ísa-fjarðarsýslu, þar sem Stefán og Þóra áttu lögheimili, er hún andaðist, virð-ist ekki hafa átt sér stað neins konar skiptameðferð á dánar- og félagsbúinu eftir andlát Þóru.

Stefán Stefánsson og varnaraðili gengu í hjónaband 31. júlí 1937. Hinn 4. september 1962 gerðu þau með sér svohljóðandi kaupmála:

„Við undirrituð hjón, ég Stefán Stefánsson, Nesvegi 78, og ég Sigríður Sigurðardóttir, sama stað, sem gengum að eigast árið 1937 og höfum lifað í hjúskap síðan, gerum hér með eftirfarandi

k a u p m á l a :

Tveggja herbergja íbúð okkar í húseigninni nr. 78 við Nesveg, sem er, ásamt öllu því, er henni tilheyrir, $\frac{1}{3}$ hluti húseignarinnar og að fasteigna-mati kr. 27.333.00, skal vera séreign mín, Sigríðar, svo og arður af henni. Áhvilandi skuldir við lífeyrissjóð, ca. kr. 55.000.00 og samkvæmt hand-hafaskuldabréfi ca. kr. 45.000.00, eða samanlagt ca. kr. 100.000.00 tek ég, Sigurður, að mér.“

Skjal þetta var mótttekið og innfært í kaupmálabók og veðmálabækur hjá borgarfégetanum í Reykjavík 5. september 1962 og þinglýst sem eignar-heimild varnaraðilja að þar greindri fasteign.

Á árinu 1964 var íbúð sú, sem í kaupmálanum greinir, seld jafnframt því sem varnaraðili festi kaup á íbúð að Draupuhlíð 46 í Reykjavík. Þá íbúð seldi hún aftur með samningi, sem dagsettur er 9. september 1966, og ritaði Stefán Stefánsson á þann samning sem vottur, en varnaraðili er þar einn talin seljandi.

Með kaupsamningi, dagsettum 19. september 1966, keypti varnaraðili íbúð þá, sem um er deilt í máli þessu. Er hún í kaupsamningi tilgreind sem kaupandi, og kemur nafn látna hvergi við sögu á þeim samningi.

III.

Kröfur sínar í máli þessu reisa sóknaraðiljar á því, að til þess að kaupmáli um fasteign sé gildur gagnvart grandalausum þriðja manni, skuli þinglýsa honum á varnarþingi umræddrar fasteignar. Þessa hafi hvorki verið gætt varðandi íbúðina að Draupuhlíð 46 né íbúðina að Kaplaskjólvegi 53. Þá beri kaupmálinn ekki með sér, að eign, er síðar komi í stað íbúðarinnar að Nesvegi 78, verði séreign varnaraðilja. Er og tekið fram í greinargerð sóknar-aðilja á dskj. 6, að vefengt sé „lagagildi slíkra ákvæða“, og því haldið fram, að þau standist ekki, Af þessu leiði, að kaupmálinn hafi ekki laga-gildi varðandi þær eignir, er „hjóinín keyptu sameiginlega, eftir að þau seldu íbúðina að Nesvegi“, eins og segir í greinargerðinni.

Þá er því og haldið fram af sóknaraðiljum, að faðir þeirra hafi ekki haft

heimild til að ráðstafa á nokkurn hátt eigum sínum, þar sem ekki hafi verið skipt dánarbúi móður þeirra, er hann gekk í hjúskap að nýju. Sé kaupmálinn þegar af þessari ástæðu ógildur gagnvart erfingjum hans.

Varnaraðili heldur því fram, að kaupmálinn sé fullkomlega löglegur gerningur og að umrædd íbúð sé því séreign hennar. Ekki hafi verið nauðsynlegt að gera nýjan kaupmála hverju sinni í því sambandi. Óþarft hafi verið að taka fram í kaupmálanum, að eign, er síðar kynni að koma í stað íbúðarinnar að Nesvegi 78, skyldi verða séreign varnaraðilja, þar sem skýrt sé tekið fram í 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, að þau verðmæti séu séreign, sem komi í stað séreignar samkvæmt kaupmála, nema öðru vísi sé ákveðið, svo gilt sé.

Enn fremur heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðiljar hafi með tómlæti sínu firrt sig rétti til að hafa þá málsástæðu uppi í máli þessu, að látni hafi ekki haft heimild til að gera kaupmála við varnaraðilja í hjúskap þeirra, þar sem óskipt væri dánarbú konu hans af fyrra hjónabandi. Varnaraðili hafi ávallt haldið, að öll mál varðandi dánarbú fyrri konu Stefáns heitins væru útkljáð, og stuðst þar við framburð hans sjálfs, en hann hafi sagt henni, að dánar- og félagsbú hans og fyrri konunnar hefði ekki hrokkið fyrir skuldum. Hafi varnaraðili ávallt verið í góðri trú um þetta og aldrei haft ástæðu til annars.

IV.

Leggja verður til garundvallar í máli þessu, að dánarbú Þóru Þórðardóttur hafi aldrei fengið formlega skiptameðferð. Ekki verður heldur séð, að sóknaraðiljar hafi nokkru sinni sett fram kröfu um skipti á því búi, né heldur, að þeir hafi nokkru sinni krafid föður sinn um uppgjör á móðurarfi þeirra. Leiddar hafa verið líkur að því við meðferð máls þessa, að eignir dánar- og félagsbús Þóru og Stefáns hafi verið sáralitlar, og jafnvel ekki hrokkið fyrir kostnaði af útför hennar. Taldi varnaraðili í réttarhaldi 9. ágúst 1979, að af þeim sökum hafi dánarbúið verið afgreitt hjá sýslumanni á Ísafirði sem eignarlaust með hliðsjón af 1. mgr. 10. gr. skiptalaga. nr. 3/1878.

Móðurbróðir sóknaraðilja, Stefán Þórðarson, fyrrum bóndi að Fossi í Vopnafirði, hefur komið fyrir skiptarétt Norður-Múlasýslu og borið vitni í máli þessu. Kvaðst vitnið ekki geta staðhæft neitt um efnahag þeirra Stefáns og Þóru við fráfall hennar, en taldi þó, að þau hefðu verið fátæk. Hafi vitnið aldrei heyrt um það rætt, að sóknaraðiljar ættu inni móðurarf sinn hjá föður þeirra. Hins vegar hafi þeir komið allslausir, þegar þeim var ráðstafað í fóstur að Fossi, og aldrei fengið neitt frá föður sínum eftir það.

Er faðir þeirra féll frá, höfðu sóknaraðiljar báðir verið lögráða í rúmlega

20 ár. Hafi þeir talið sig eiga inni móðurarf sinn hjá föður sínum, bar þeim að krefja hann án ástæðulausrar tafar um uppgjör á þeim arfi, og það því fremur sem þeim var ljóst, að hann hafði gengið í hjúskap tiltölulega skömmu eftir lát móður þeirra. Krafa þeirra, sem hér er til úrlausnar, var þó ekki sett fram fyrr en á árinu 1978, en faðir þeirra lést 6. janúar 1973. Verður að telja, að krafa sóknaraðilja, byggð á þeirri málsástæðu, að faðir þeirra hafi ekki haft heimild til að gera umræddan kaupmála vegna þess, að skipti hefðu ekki farið fram á dánarbúi móður þeirra, sé allt of seint fram komin, og verður að hafna henni þegar af þeirri ástæðu. Skiptir í því sambandi ekki mali, hvort sóknaraðiljum var kunnugt um tilvist kaupmálans eða ekki.

Ekki er um það deilt í málinu, að kaupmálinn sé formlega gildur. Af hálfu sóknaraðilja hefur ekki verið dregin í efa frásögn varnaraðilja um, með hvaða hætti eign sú, sem kaupmálinn tiltekur, var seld og með hvaða hætti sú eign hefur komið í hennar stað, sem varnaraðili telur séreign sína. Af hálfu sóknaraðilja hafa engin haldbær rök komið fram, er hnekki skýru ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, en samkvæmt þessu lagaákvæði eru þau verðmæti séreign, sem koma í stað séreignar samkvæmt kaupmála, nema öðru vísi sé ákveðið, svo gilt sé.

Samkvæmt framgreindu verður að hafna kröfum sóknaraðilja í máli þessu, en þar af leiðir, að við skipti á dánarbúi Stefáns Stefánssonar og félagsbúi hans og varnaraðilja verður umræddur kaupmáli lagður til grundvallar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja málskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, Sigurðar og Stefáns Stefánssona, í máli þessu.

Sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja, Sigríði Sigurðardóttur, kr. 5.000.00 í málskostnað.